

Nd.

65. Frumvarp til laga

[61. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Jón Skaftason, Gils Guðmundsson,
Gylfi Þ. Gíslason, Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Garðahreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Garðahrepp og heitir Garðakaupstaður. Heyrir umdæmið til Reykjaneskjördæmis.

2. gr.

Sýslumaður Kjósarsýslu og bæjarfógeti Hafnarfjarðar skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.

Sýslunefnd Kjósarsýslu og bæjarstjórn Garðakaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Kjósarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi skal félagsmálaráðherra úrskurða hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1978 skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni sveitarstjórnar Garðahrepps. Til rökstuðnings fylgir hér með bréf sveitarstjórans í Garðahreppi:

SVEITARSTJÓRINN Í GARÐAHREPPI

Garðahreppi, 12/11 1975.

Hreppsnefnd Garðahrepps ákvað á fundi sínum 6. nóvember 1975 að óska vinsamlegast eftir því, að þingmenn Reykjaneskjördæmis flytji á hæstvirtu Alþingi frumvarp til laga um kaupstaðarréttindi fyrir Garðahrepp. Óskar sveitarstjórnin eftir því, að breytingin taki gildi 1. janúar 1976 og að núverandi hreppsnefnd fari áfram með stjórn sveitarfélagsins, þar til næstu almennar sveitarstjórnarkosningar hafa farið fram árið 1978.

Hreppsnefndin er sammála um, að miðað við ríkjandi ástand og viðhorf í þessum efnum sé heppilegra fyrir Garðahrepp að vera kaupstaður. Garðahreppur er langstærsti hreppur landsins, með líðlega 4000 íbúa, og er í örum vexti. Þykir eðlilegt, að byggðarlagið hafi allt það sjálfstæði, sem stærð þess gefur tilefni og tækifæri til. Má í því sambandi nefna sjálfstætt sjúkrasamlag, en einnig vonast sveitarstjórnin eftir aukinni löggæslu í kjölfar breytingarinnar. Garðahreppur á takmarkaða samleið með öðrum hreppum í Kjósarsýslu og tengslin við sýsluna eru lítil. Garðahreppur stendur hins vegar að mestu leyti undir kostnaði af starfsemi sýslusjóðs og sýsluvegasjóðs Kjósarsýslu, og telur sveitarstjórnin það óeðlilegt.

Sveitarstjórn Garðahrepps treystir því, að erindi þetta fái vinsamlega og skjóta afgreiðslu yðar og þingsins.

Virðingarfyllst,

f. h. hreppsnefndar Garðahrepps,
sveitarstjórnin í Garðahreppi,

Garðar Sigurgeirsson.

Til alþingismanna Reykjaneskjördæmis.